

46. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar fimmtudaginn 27. ágúst 2009 kl. 17:00 haldinn í félagsheimilinu Þórsveri, Þórshöfn.

Mætt voru: Birna Gestsdóttir, Siggeir Stefánsson, Hulda Sigurðardóttir, Jóhanna Helgadóttir, Sigurður Ragnar Kristinsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Hilma Steinarsdóttir, Björn Guðmundur Björnsson og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð á tölvu.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna, spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboðun.

Engar athugasemdir voru gerðar við fundaboðið.

Oddviti óskaði eftir að fá að gera smá breytingar á dagskrá þar sem erindi og fundagerð bárust svo seint.

- Fundagerð 34. fundar fræðslu- og menningarnefndar.
- Erindi frá veiðifélaginu Hafralónsá.
- Erindi frá leikskólustjóra um að fá að ráða fastan afleysingarkennara.
- Að samantekt á rekstri Langanesbyggðar verði færður fram sem liður 2.
- Að skýrsla sveitarstjóra kæmi sem 4. liður.

Samþykkt samhljóða

DAGSKRÁ:

1 Fundargerðir nefnda og ráða.

- Fundargerð sveitarstjórnar dagsett 29.07.2009
Lögð fram til kynningar.
- Fundargerð Landbúnaðarnefndar dagsett 11.08.09
Í lið eitt leggur nefndin til að samþykkt verði fyrirleggjandi verkáætlun að upphæð 2.3 millj. Björn Guðmundur fór yfir málið.
Samþykkt samhljóða.
Í lið tvö leggur nefndin til að Fræ ehf. láni Felli 5 milljónir og Miðfjarðanesi 7 milljónir til kaupa á nýju greiðslumarki.
Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til Fræs ehf.
- Í lið fimm leggur nefndin til að settar verði kr. 500.000 í gangnakofa.

Samþykkt samhljóða að landbúnaðarnefnd geri tilraun með að setja gíróseðla í alla kofa í eigu sveitarfélagsins sem kæmi þá til viðhalds og kostnaðar við rekstur skálanna. Nefndinni falið að kanna ástand kofanna ásamt sveitarstjóra.

- Fundargerð USB dagsett 10.08.2009
Samþykkt samhljóða.
- Fundargerð húsnæðisnefndar Langanesbyggðar dagsett 06.08.2009
Samþykkt samhljóða.
- Fundargerð Drekasvæðið ehf. dagsett 11.08.2009
Til kynningar.
- Fundagerð fræðslu- og menningarnefndar dagsett 26.08.2009
Samþykkt samhljóða.

2 Samantekt á rekstri Langanesbyggðar.

Björn Guðmundur fór yfir stöðu Langanesbyggðar, hvernig staðan væri í rekstri og launamálum.

3 Skýrsla sveitarstjóra.

- *Sveitarstjóri sagði fundamönnum frá fundi sem hann fór á í Húsavík 25. ágúst sl. en fundurinn var sameiginlegur fundur með Langanesbyggð, Skútustaðahreppi, Svalbarðshreppi,*

Tjörneshreppi, Þingeyjarsveit og Norðurþing fundarefnið var að Norðurþing var að kynna drög að samning um ráðgjafarþjónustu.

Samþykkt var að fela sveitarstjóra að vinna áfram í málinu.

- Sveitarstjóri sagði fundarmönnum frá því að áhugasamur maður hafi komið og skoðað Eyraveg 8 (Sandur) og vildi fá það og breyta því í tvær íbúdir með því að yfirtaka ákvílandi lán sem er á húsinu ca. 700.000 kr. og sveitarfélagið borgar með því 1.000.000,-
Samþykkt var að fela sveitarstjóra að kanna málið nánar sem og að koma með tillögur fyrir næsta fund.

- Sveitarstjóri fór yfir niðurstöðu könnunar vegna gömlu sundlaugarinnar sem sent var í dreifibréfi og skilað var inn fyrir 24. ágúst s.l. 13 svarbréf bárust og af þessum 13 vildu 6 rífa sundlauginu en 5 vildu gera eitthvað annað. Tveir voru ógildir

Lagt fram til kynningar.

Oddviti óskaði eftir 10 mínútna fundarhléi -

Samþ. samhljóða

4 Innsend erindi.

- Úrsögn úr sveitarstjórn.

Í bréfi óskar Árni Davíð Haraldsson eftir lausn úr sveitarstjórn og nefndum.

Samþykkt samhljóða og honum þökkuað hans störf í þágu sveitarfélagsins

- Umsókn um styrk til náms.

Í bréfi dags 12.08.2009 segir Anna Hjaltadóttir frá því að hún sé að hefja meistaranám við HÍ í sérkennslufræðum og óskar eftir því að fá að halda óskertum launum þá daga sem hún er í burtu vegna námsins sem gæti verið á bilinu 7-10 dagar á önn, þetta er þriggja ára nám og að hún sé tilbúin að gera samning við Llanganesbyggð þess efnis að þegar námi lýkur mun hún starfa áfram í grunnskólanum í x mörg ár.

Sveitarstjóra falið kanna kostnað sveitarfélagsins vegna þessa sem og kostnað vegna hugsamlegs staðgengils vegna fjarveru hennar sem og þörfina, fyrir næsta fund sveitarstjórnar.

- Umsókn um rekstrarleyfi.

Sótt er um endurnýjun á rekstrarleyfi fyrir Gistiheimilið Lyngholt

Samþykkt samhljóða.

- Umsókn um styrk.

Bréf frá Félagi skógarbænda á Norðurlandi þar sem óskað er eftir styrk að upphæð 20.000,- vegna aðalfundar Landsamtakanna.

Samþykkt samhljóða að hafna erindinu.

Bréf frá Tónlistarskólanum á Akureyri vegna umsóknar.

Oddviti lýsti sig vanhæfan og bar það undir fundar menn og samþykkt samhljóða og vék hann af fundi undir þessum lið.

Bréf frá skólastjóra Tónlistaskólans á Akureyri þar sem óskað er eftir svari hvort bæjarfélagið samþykkir að greiða kennslukostnað að fullu eða að hluta. Heildarkostnaður fyrir sveitarfélagið fyrir 2009-2010 er kr. 415.681 en hlutur nemanda kr. 63.960.

Sveitarstjórn hafnar umsókninni á þeim forsendum að fjöldi nemanda á framhaldsskólaaldri frá Llanganesbyggð stundi að eigin frumkvæði nám við ýmsa sérskóla, sem ekki falla undir skólaskyldu og telur sveitarstjórn það ekki á færi sveitarfélagsins að standa undir kostnaði við framhaldsnám heldur sé það ríkisins.

Samþykkt samhljóða

Siggeir mætti og kom með eftirfarandi tillögu að bókun „Hreppsnefnd Llanganesbyggðar ítrekar þá skoðun sína að ríkinu beri að standa straum af kostnaði við framhaldsnám tónlistarnema þannig að ekki verði lengur um mismunun vegna búsetu að ræða. Sveitarstjóra falið að koma ofangreindri afgreiðslu á framfæri við tónlistarskólann og senda afrit á þingmenn kjördæmisins.

Samþykkt samhljóða

- Kaupsamningur vegna Pálmholts 1 og 3
*Hilma vék af fundi undir þessum lið. Fyrir liggur kaupsamningur vegna Pálmholts 1 og 3 að upphæð 7.000.000 kr. Sveitarstjóri tjáði fundarmönnum að leigjendum hafi verið boðinn forkaupsréttur en þau hafi hafnað því.
Samþykkt samhljóða að selja Hilmu Steinarsdóttir og Rúnari Konráðssyni húseignina og sveitarstjóra falið að ganga frá kaupunum.*
Samþykkt samhljóða
- Bréf frá Lindu E. Pehrsson iðjubjálfa.
Lagt fram bréf frá Lindu E. Pehrsson þar sem hún óskar eftir fastri ráðningu í 35-40% starf hjá Langanesbyggð.
Samþykkt að fela sveitarstjóra að koma með tillögu í málinu með tilliti til gildandi ráðningarsamnings.
- Bréf frá veiðifélaginu Hafralónsá dags. 26.08.2009
Í bréfinu kemur fram ósk veiðifélagsins um að sveitarfélagið leggi fram 1.263.240 úr fjallvegaffjárveitingu vegna vegar frá Tunguseli að Grímúlfsá sem er 50% af kostnaðinum.
Samþykkt samhljóða að vísa þessu til afgreiðslu landbúnaðarnefndar.
- Erindi frá leikskólustjóra um að fá að ráða fastan afleysingarkennara .
Samþykkt samhljóða að vísa þessu til fræðslu-og menningarnefndar.

5 Til kynningar:

- Bréf frá UNICEF.
Minnisblað um áhrif efnahagsþrenginga á börn.
Til kynningar.
- Bréf frá SÍS um Skólalþing.
Í bréfi þessu er verið að benda á skólalþing sem verður haldið 2 .nóvember sem tekur til leik-, grunn- og tónlistarskólafstafsemi.
Sveitarstjóra falið að kynna þetta fyrir fræðslu-og menningarnefnd.
- Bréf frá verkefnissjóði vegna úthlutunar atvinnuþróunarfélaganna og Byggðastofnunar fyrir 2009
Í bréfi þessu er úthlutað úr sjóðurinn 30,9 milljónir til 28 verkefna.
Til kynningar.
- Bréf vegna stuðnings við hugmynd um vegagerð í Tunguselsheiði.
Málið þegar afgreitt í samþykktari fundargerð Landbúnaðarnefndar
- Tilkynning um aðalfund Eyþings 2009
„Samþykkt að Gunnólfur taki annað sæti aðalmanns fyrir hönd Langanesbyggðar sem aðalmaður á aðalfund Eyþings“
Samþykkt samhljóða.
- Afrit af bréfi sem sent var vegagerðinni vegna vegar út á Langanes.
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 21:52.